

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2017

Efni: Ítrekun á erindi FA um íslenskar merkingar á hreinsiefnum

Þann 6. desember 2016 sendi Félag atvinnurekenda (FA) erindi á ráðuneytið varðandi íslenskar merkingar á hreinsiefnum.

Erindið laut að reglugerð nr. 415/2014, sem innleiðir CLP reglugerð Evrópusambandsins nr. 1272/2008, nánar tiltekið 4. gr. hennar þar sem fram kemur að merkingar á umbúðum efna og efnablandna skuli vera á íslensku. Bent var á að áhrif þessarar kröfu væru byrjuð að koma fram. Vegna smæðar markaðarins hefur innflytjendum reynst torvelt að fá erlenda framleiðendur til að setja merkingar á íslensku á vörurnar sem undir reglugerðina falla og eru dæmi þess að kostnaðaraukningin leiði til 20-35% hækkunar útsöluverðs á viðkomandi vörum.


Þá var bent á að ákvæði 2. mgr. 17. gr. CLP reglugerðar nr. 1272/2008/EB gerir ráð fyrir að aðildarríkið geti uppfyllt skyldur sínar skv. ákvæðinu með öðrum hætti. Ákvæðið opnar þannig á að merkingar séu á öðru tungumáli en tungumáli aðildarríkisins.

Að mati Félags atvinnurekenda er nauðsynlegt við innleiðingu reglugerðarinnar að tekið sé tillit til smæðar hins íslenska markaðar. Löng hefð er fyrir því að Norðurlandamál og/eða enska sé látið duga þegar kemur að merkingum eða upplýsingum á vörum á íslenskum markaði. Í 2. mgr. 17. gr. CLP reglugerðarinnar er ákveðið svigrúm fyrir aðildarríki sem FA telur að rétt sé að nýta svo ekki séu lagðar óþarfa íþyngjandi kvaðir á innflytjendur með tilheyrandi kostnaði sem mun að endingu lenda á neytendum með hærra vöruverði.

Ráðuneytið boðaði FA og fulltrúa Umhverfisstofnunar til fundar vegna málsins þann 3. janúar 2017 þar sem ákveðið var að Umhverfisstofnun skilaði álit til ráðuneytisins vegna málsins og myndi ráðuneytið í kjölfarið svara erindinu. Samkvæmt upplýsingum FA skilaði Umhverfisstofnun álit sínu til ráðuneytisins um miðjan febrúar. Nú þremur mánuðum síðar og rúmum fimm mánuðum frá dagsetningu hins upphaflega erindis hefur ekki enn borist svarbréf frá ráðuneytinu.

Undirrituð ítrekar hér með erindi FA dags. 6. desember 2016 og leyfir sér að spyrja hvenær svara er að vænta frá ráðuneytinu.

Virðingarfyllst,


Inga Skarphéðinsdóttir lögfræðingur FA